

261. fundur hreppsnefndar 8. mars 2007

**261. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn  
fimmtudaginn 8. mars 2007 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sigurbjörg Daníelsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson sem ritar fundargerð.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

**Dagskrá:**

Fundargerðir:

1. Fundargerð 260. fundar hreppsnefndar 8. febrúar 2007. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar 2. mars 2007. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Tillaga um laun hreppsnefndarmanna og annarra nefndarmanna í nefndum Reykhólahrepps. Samþykkt að laun hreppsnefndarmanna verði kr. 12.000 á mánuði. Laun oddvita kr. 30.000 á mánuði. Ekki verður greitt sérstaklega fyrir hvern fund. Varamenn í hreppsnefnd fái kr. 8.000 fyrir setinn hvern fund. Laun fyrir aðra nefndarmenn verði kr. 3.000 á fund og kr. 5.000 fyrir formann. Gildir frá 1. janúar 2007.
2. Samningur á milli Reykhólahrepps og Félags áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum. Samþykktur með breytingu á 1. grein. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum.
3. Bréf frá Guðjóni D. Gunnarssyni um ferðamál og nýtingu Vogalands. Sveitarstjóra falið að svara Guðjóni og koma hugmyndinni áfram.
4. Bréf frá Hlyni Þór Magnússyni f.h. H-prents ehf / Bæjarins besta, Ísafirði með beiðni um efni og myndir í ferðaþjónustublaðið Vestfirðir sumarið 2007 ásamt beiðni um fjárstyrk. Sigurbjörgu og sveitarstjóra falið að afgreiða málið. Styrkur að upphæð kr. 50.000 samþykktur.
5. Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Efni: Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum og samstarfssamningur sveitarfélaga á Vestfjörðum um menningarmál. Samningurinn samþykktur og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.
6. Undirbúningsnefnd fyrir Sumardaginn fyrsta og Reykhóladaginn. Sigurbjörg og sveitarstjóra falið að vinna að þessum tveimur verkefnum. Auglýst verður eftir samstarfsfólki og hugmyndum.

Til kynningar:

1. Bréf frá Leið ehf til Vegagerðarinnar um nafn á væntanlegum vegi um Arnkötludal og Gautsdal í Strandabyggð og Reykhólahreppi. Hreppsnefnd Reykhólahrepps telur nafnið Arnkötludalur vera ákjósanlegast á þennan nýja veg

sem liggja á um Arnkötludal og Gautsdal. Sveitarstjóra falið að tilkynna Vegagerðinni og Samgönguráðherra um þessa skoðun.

2. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 28. febrúar 2007, efni: Skipulagsdagar 2007 – Samráðsfundur Skipulagsstofnunar og sveitarfélaga um skipulagsmál og umhverfismál haldinn á Akureyri 12.-13. apríl 2007. Ákveðið að Sveinn Ragnarsson verði fulltrúi Reykhólahrepps á fundinum.

Önnur mál:

1. Kauptilboð í Hellisbraut 8 a frá leigjendum. Oddvita og sveitarstjóra falið að gera þeim gagntilboð og ganga frá sölu ef um semst.
2. Endurnýjun búfjárefirlitssamnings fyrir árið 2007. Samningurinn samþykktur og sveitarstjóra falið að undirrita hann.
3. Boðun á ársfund og stofnfund Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Gústaf Jökull Ólafsson tilnefndur fulltrúi Reykhólahrepps.
4. Samningur við Hringrás ehf um vinnslu, hreinsun og brottflutning á brotajárni og málmum. Samningurinn kynntur og engar athugasemdir gerðar við hann.

Fleira ekki bókað, fundi slitið 18:35.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Sigurbjörg Daníelsdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)